

UniWall 1KPU Matt - hlífðarlakk

VÖRULÝSING

Glært og matt pólýureþan-akrýl hlífðarlakk, ætlað fyrir flestar gerðir kalkspartlefna frá Stoopen & Meeûs. Hefur lágmarksáhrif á útlit undirlags. Það kemur í veg fyrir minni háttar blettamyndun, t.d. við snertingu. Athugið á tækniblöðum viðkomandi efnis hvort efnin séu samrýmanleg. Notið ekki á fleti sem eru undir miklu álagi. Til innanhússnota.

YFIRBORÐ

Yfirborð skal vera traust, fast, þurrt, hreint og laust við ryk, fitu, lausar agnir og þess háttar í samræmi við kröfur við notkun viðkomandi málningar.

UNDIRBÚNINGUR

Handhrærið UniWall 1KPU Matt vandlega fyrir notkun.

VINNULEIÐBEININGAR

Berið á eina umferð af UniWall 1KPU Matt eða tvær umferðir sé álag umtalsvert. Hver umferð skal vera jöfn að þykkt og áferð (notið ekki rúllu þegar málað er yfir kalkmálningu eða Claypaint). Fylgið hreyfingum undirefnisins þegar hlífðarlakkið er borið á. Mjög mikilvægt er að dreifa vel úr efninu þannig að hvít áferð í því sjáist ekki lengur. Efnið er svokölluð þeytulausn sem verður algjörlega glær og dauðmött þegar hún þornar en athugið að ef of þykkt er borið á og ekki „dauðdregið“ úr efninu er hætta á að eftir sitji hvít slíkja þegar efnið þornar – hún hverfur ekki. Vandíð því vinnubrögðin og fylgið leiðbeiningum.

Þeir litir sem sjá má í bæklingum geta verið eitthvað frábrugðnir endanlegum lit á vegg. Það fer eftir vinnulagi, áhöldum, gljóa, lýsingu og samspili við aðra liti nærri fletinum. Stoopen & Meeûs mælir því eindregið með að gera prufu á litlum flötum áður en aðalvinnan hefst.

TÆKNIUPPLÝSINGAR			
Eðlisástand	Tær vökvi	Vinnuhitastig	Yfirborðs- og umhverfishiti sé á bilinu 10-30°C
Eðlisþyngd	1,0 – 1,1 g/ml	Áhöld	Rúlla, pensill, svampur
pH	8-9	Hreinsun áhald	Volgt sápuvatn
Efnisnotkun	+/- 100 ml/m ² . Fer eftir gleypni og grófleika yfirborðs.	Hreinsun yfirborðs	7 dögum eftir síðustu umferð. Notið ekki hreinsiefni, aðeins sápuvatn
Þornunartími	Snertipurtt eftir 4 klst. (við 20°C og 50% loftraka).	Geymsluþol í lokuðum umbúðum	12 mán. í óopnuðum umbúðum (5-25°C), hlífið gegn beinu sólarljósi og frosti
Hörðunartími	Full yfirborðsharka næst á 7 dögum		

ATHUGIÐ

Stoopen & Meeûs ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Notandi er ávallt ábyrgur fyrir notkun varanna. Upplýsingar á þessu tækniblaði miðast við almenna vörulýsingu og notkun. Kynnið ykkur ávallt nýjustu viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar www.serefni.is (eða www.stoopen-meeus.com).